

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2013

2013/EES/56/18

frá 5. febrúar 2013

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksstyrk melamíns í gæludýrafóðri í dósnum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Upplýsingar hafa verið lagðar fyrir um að melamín sé notað sem húðunarefni í dósir sem innihalda gæludýrafóður og að það geti borist í það gæludýrafóður. Dósir með samskonar húðun eru notaðar til niðurlagningar matvæla og í samræmi við vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) um melamín í matvælum og fóðri⁽²⁾ hafa verið fastsett sértæk flæðimörk sem nema 2,5 mg/kg fyrir niðursoðinn mat sem slíkan með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli⁽³⁾, eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 1282/2011⁽⁴⁾.

3) Alþjóðamatvæslaskráráðið hefur fastsett hámarksgildi fyrir melamín í fóðri og matvælum⁽⁵⁾ sem gilda um fóður eins og það er við sölu, en hámarksgildi sem fastsett voru með tilskipun 2002/32/EB varða fóður með 12% rakainnihald.

4) Nýlega hafa verið lagðar fram upplýsingar þar sem kemur fram að melamín getur borist í votfóður fyrir gæludýr úr húðun dósarinnar þannig að gildi þess fer yfir 2,5 mg/kg fyrir fóður með 12% rakainnihald, en er fyrir neðan sértæk flæðimörk sem nema 2,5 mg/kg í votfóðri fyrir gæludýr. Í ljósi þessarar þróunar í vísinda- og tæknipækkingu er rétt að fastsetja hámarksgildi sem nemur 2,5 mg/kg fyrir melamín í niðursoðnu votfóðri fyrir gæludýr „eins og það er selt“ og er það í samræmi við það sem áætlað er varðandi niðursoðin matvæli.

5) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 6.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

(2) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunarinnar (CONTAM) um aðskotaefni í matvælaferlinu og sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunarinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparafni við vinnslu (CEF): Vísindalegt álit um melamín í matvælum og fóðri. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1573. [145 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2010.1573. Aðgengilegt á Netinu: <http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/doc/1573.pdf>

(3) Stjtið. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1.

(4) Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 22.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIDAUKI

Í stað 7. línu í I. þætti I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„7. Melamín (9)	Fóður	2,5
	að undanskildu	
	— Gæludýrafóðri	2,5 ⁽¹⁾
	— eftirfarandi fóðurukefnum:	
	- - gúanidínedíksýru,	—
	- - þvagefni,	—
	- - bíúreti.	—“

⁽¹⁾ Hámarksgildi gildir um gæludýrafóður í dósum eins og það er selt.